

Nd.

78. Frumvarp til laga

[60. mál]

um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að fella niður fyrir eitt ár í senn manntal samkv. lögum nr. 18 13. sept. 1901 og síðari breytingum á þeim lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur verið komið á fót vélsþjaldskrá yfir alla landsmenn. Berklavarnir ríkisins, bæjarsjóður Reykjavíkur, fjármálaráðuneytið, hagstofan og Tryggingastofnun ríkisins hafa borið allan kostnað af þeim framkvæmdum. Eftir þessari allsherjarskrá er mjög fljótlegt að gera allar þær skrár, sem manntalsskrifstofan hefur hingað til afgreitt fyrir Reykjavík. Af því leiðir, að óþarft ætti að vera að taka árlega manntal í Reykjavík, eins og tíðkapt hefur undanfarið, enda hætta á margvislegum ruglingi, ef unnið er eftir tveim manntalsskrám samtímis. Við þetta bætist, að manntal, sem nú yrði tekið eins og tíðkapt hefur, myndi valda því, að fólk tilkynnti síður aðsetursskipti, og veldur slíkt erfiðleikum á reglulegu viðhaldi vélsþjaldskrárinnar.

Af þessum ástæðum er farið fram á heimild til að láta manntal í Reykjavík falla niður. Er sú heimild bundin við eitt ár í senn, unz sannreynt verður, hvort vélsþjaldskráin er hlutverki sínu vaxin.